

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 27. febrúar 2025

Mál nr. S-4448/2024:

## Héraðssaksóknari

(Arnfríður Gíjja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari)

## gegn

Noah Abisogun Mabifa

(Jóhannes Már Sigurðarson lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 3. febrúar 2025, var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 29. ágúst 2024, á hendur Noah Abisogun Mabifa, [...] „fyrir blygðunarsemisbrot með því að hafa, að morgni þriðjudagsins 12. september 2023, í bifreiðinni [...], sem var kyrrstæð fyrir utan [...] í Kópavogi, berað kynfæri sín og handleikið þau og þannig sýnt af sér ósiðlegt og lostugt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi þeirra sem vitni urðu að því og vera til opinbers hneykslis en A, kt. [...], sem stödd var í eldhúsi sínu að [...], varð vitni að atferli hans.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

### Einkaréttarkrafa

Af hálfu A, kt. [...] er þess krafist að hinum ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 800.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 12.09.2023, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

2. Verjandi ákærða krefst þess aðallega fyrir hans hönd að hann verði sýknaður af refsiskröfum ákærvaldsins í málinu, en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og að refsing verði skilorðsbundin. Þá er þess krafist að ákærði verði sýknaður af öllum einkaréttarkröfum sem fram koma í ákæru. Þá krefst verjandinn hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa, samkvæmt mati dómsins, með hliðsjón af tímayfirliti verjandans og að teknu tilliti til skyldu til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun. Loks er þess krafist að sakarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði.

## I Málsatvik

3. Miðvikudaginn 13. september 2023 mætti A, brotþoli í málinu, að eigin frumkvæði á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða í máli þessu fyrir blygðunarsemisbrot. Kvaðst hún hafa verið ein heima morguninn áður er hún hafi veitt bifreið ákærða eftirtekt fyrir framan heimili hennar að [...] í Kópavogi. Það hefði verið í þriðja sinn sem hún hefði séð bifreiðina fyrir utan heimilið. Húsið standi við sérstaka húsagötu (botnlanga) sem liggja samsíða aðalakstursleiðinni um [...], en húsagatan liggja nokkru neðar en aðalgatan. Þegar fólk legði við aðalgötuna gæti það séð inn á heimili brotþola, sem ætti íbúð á 2. hæð hússins nr. [...] við [...].
4. Brotþoli sagðist hafa kallað á mann sinn er ákærði hafi lagt í annað sinn fyrir framan húsið, við aðalakstursleið [...], og sagt honum að hann væri kominn aftur. Hann væri mjög óþægilegur þar sem hann starði inn um glugga íbúðarinnar. Eiginmaður brotþola hafi þá komið að glugganum en ákærði haldið áfram að stara á húsið.
5. Brotþoli sagði að rétt fyrir klukkan 8 að morgni dags 12. september 2023 hefði hún verið stödd í eldhúsinu á heimili sínu. Hefði hún þá tekið eftir því að ákærði væri kominn aftur og horfði inn um glugga hússins. Brotþoli kvaðst þá hafa sent eiginmanni sínum skilaboð um að hann væri kominn aftur. Hún hafi stigið frá glugganum í smástund en síðan litið aftur út. Hafi hún þá séð að bifreið var ekki lengur á aðalgötunni heldur hafði henni verið lagt beint fyrir framan húsið, í húsagötunni. Ökumaðurinn hefði setið í bifreiðinni, með lim sinn í höndum sér og stundað sjálfsfróun. Brotþoli kvaðst hafa tekið athæfi hans upp á myndband og sent það til eiginmanns síns. Umræddur aðili hafi ekið á brott skömmu síðar.
6. Brotþoli greindi lögreglu frá skráningarnúmeri umræddrar bifreiðar og lýsti henni sem gráum jepplingi. Þá gaf hún lýsingu á ökumanninum, sem hún sagði hafa verið dökkan

á húð. Hann hafi verið íklæddur köflóttum náttbuxum og í hettupeysu með hettuna alveg fyrir andliti sínu. Sagði brotápoli að sér hefði brugðið verulega við þetta athæfi mannsins, bæði vegna sjálfrar sín sem og vegna barna sinna og annarra barna sem færu um götuna, ekki síst á þessum tíma dags, þar sem þau héldu til skóla á þessum tíma. Eiginmaður brotáþola staðfesti frásögn hennar hvað hann varðaði í skýrslu hjá lögreglu sama dag og afhenti lögreglunni umrætt myndskaið sem brotápoli hafði tekið upp og sent honum.

7. Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 15. september 2023 að viðstöddum verjanda sínum. Ákærði var við það tækifæri spurður hvort hann byggi einn og svaraði hann því til að hann ætti eiginkonu og tvö börn. Öll væru þau búsett að [...] í Reykjavík. Sagðist ákærði vera atvinnulaus en í atvinnuleit. Gekkst hann við því að eiga bláan jeppling með sama skráningarnúmer og brotápoli hafði gefið upp.
8. Ákærði vildi í fyrstu ekkert kannast við meint blygðunarsemisbrot þann 12. september 2023. Sagði hann að börn sín og eiginkona væru stödd í Flórída og hefðu verið í nokkrar vikur og yrðu ef til vill í nokkra mánuði. Sagði hann eiginkonuna og börnin búa með sér í [...] þegar þau væru á Íslandi. Ákærði kvaðst ekki muna hvar hann hefði verið að morgni 12. september, en hann hefði verið að leita að vinnu. Er [...] í Kópavogi var nefnd við ákærða kvaðst hann ekki vita hvar hún væri. Hann kvaðst þó muna að hann hefði verið í Kópavogi að morgni nefnds dags, þar sem hann hefði verið að leita að vinnu. Hann neitaði því hins vegar alfarið að hann hefði verið að stunda sjálfsfróun fyrir utan [...] nefndan morgun. Þá neitaði hann því að stunda sjálfsfróun í bílnum, jafnvel þótt tilkynningar hefðu áður borist um slíkt.
9. Ákærði sagðist hafa verið í fangelsi í Bandaríkjunum í tíu ár, frá því er hann hafi verið 20 ára gamall, en þá haldið til Íslands. Fjölskylda eiginkonu hans hafi verið ósátt við þetta allt saman og borið út sögur um hann, fyrst árið 2022. Lögregla bar því næst undir ákærða myndband sem brotápoli hafði tekið. Kannaðist ákærði við sjálfan sig á myndbandinu, en neitaði því að það tengdist börnum með nokkrum hætti. Ákærði neitaði því að hafa stöðvað áður fyrir framan húsið. Er ákærða var boðið að breyta framburði sínum sagði hann að hann byggi í Kópavogi með konu, en þau væru að skilja. Hún væri í Flórída en það væri gestur heima hjá þeim og þess vegna gæti hann ekki gert þetta heima. Ákærði kvaðst ekki hafa ásetning til að einhver sæi hann stunda sjálfsfróun og ekki hafa búist við að neinn sæi hann.

## II

### Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

10. Ákærði, sem neitar sök, lýsti því fyrir dómi að hann hefði á þeim tíma sem í ákæru greinir deilt herbergi og eldhúsi með öðrum og þar af leiðandi ekki haft neitt næði heima við. Hann kannaðist við að hafa handleikið kynfæri sín og stundað sjálfsfróun, á meðan hann horfði á myndefni í síma sínum, en hefði ekki búist við því né ætlast til eða viljað að neinn sæi til hans. Hann kvaðst ekki muna hvort hann hefði fengið sáðlát. Þá kvaðst hann hafa notað vinstri hönd sína. Í upphafi skýrslu sinnar fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa haldið á neinu í hægri hendinni, en breytti þeim framburði og kvaðst þá hafa haldið á veipi. Síminn hafi verið á bak við stýrið.
11. Ákærði kvaðst hafa leitað að hentugum stað þennan morgun þar sem enginn sæi til hans. Hann hafi lagt bílnum og horft á myndefni í síma sínum. Áður hafi hann horft í kringum sig og fullvissað sig um að enginn væri nálægt. Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt til í götunni, aldrei komið þangað áður og engan þekkt í götunni. Hann neitaði því að hafa áður stöðvað á götunni fyrir ofan húsið að [...] í Kópavogi og horft á það, þennan sama dag eða áður. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við að aðrir sæju til hans. Hann hafi engan séð og ekki horft út um glugga bifreiðarinnar. Hann hafi þó óljóst séð til hliðanna og í kringum sig. Hann hafi þó ekki verið að reyna að fela sig. Sagði ákærði að hann hefði stöðvað stutta stund á umræddum stað, í 10–20 mínútur.
12. Ákærði sagði það næst hafa gerst að lögregla hefði haft samband við hann og hann verið boðaður til viðtals á lögreglustöð. Hann hafi ekki vitað hvers vegna. Hann hafi ekki ætlað sér að meiða neinn og hafi skammast sín þegar lögregla hafi tjáð honum hvers vegna hún vildi ræða við hann. Athæfi hans hafi átt að vera „prívat“ en ekki „public“. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að til væri myndband af athæfi hans. Kvaðst hann hins vegar hafa heyrt að myndbandinu hefði verið dreift, en það hefði átt þátt í því að hann hefði yfirgefið Ísland.
13. Ákærði kvaðst hafa verið nýlega fráskilinn á umræddum tíma og búið í herbergi í Kópavogi, sem hafi verið staðsett fyrir ofan bar. Herbergið hafi verið í göngufæri við [...], en ákærði gat ekki lýst staðsetningu herbergisins nánar. Þá mundi ákærði óljóst eftir akstursleið sinni að [...]. Hann kvaðst hafa lagt bifreið sinni við upphækkun, sem hafi verið honum á vinstri hlið en hús honum á hægri hlið. Hann kannaðist við sjálfan sig á myndbandi sem frammi liggur í málinu og spilað var við aðalmeðferð málsins. Kvaðst

ákærði ekki hafa séð fólk eða börn í kringum bifreiðina. Hann kvaðst hins vegar eiga nokkrar hettupeysur, en mundi ekki hvort hann hefði verið með hettu umræddan dag.

14. Brotapoli, A, íbúi að [...], Kópavogi, lýsti því fyrir dómi að börn hefðu nýlega verið farin í skólann er umrætt atvik hefði gerst. Hún hefði orðið þess vör að ákærði stöðvaði bifreið sína við aðalakstursleið [...], sem liggi hærra en sú gata sem hús hennar standi við, en um sé að ræða botnlanga með sex húsum. Er hún hafi næst vitað hafi ákærði verið kominn inn í götuna við hús hennar, lagt bifreiðinni fyrir framan húsið með framendann í átt að miðbæ Kópavogs og búinn að taka út á sér kynfærin. Til þess að komast inn í húsagötuna þurfi að aka langa krókaleið frá aðalgötunni.
15. Brotapoli kvaðst áætla að um fjórir metrar væru frá húsi hennar að bifreið ákærða, þar sem bifreiðinni hefði verið lagt fyrir framan húsið. Kvaðst hún hafa tekið myndband af ákærða handleika kynfæri sín í bifreiðinni og séð númeraplötur umræddrar bifreiðar. Þá hafi hún hringt í mann sinn, sem hafi verið í golfi þennan morgun. Hann hafi sagt henni að hafa samband við lögregluna, sem hún hafi gert. Á meðan hafi ákærði ekið á brott. Brotapoli kvaðst hafa sent myndbandið til eiginmanns síns, sem hefði vistað það, en ekki sent það á aðra en lögreglu. Mágkona brotápola hafi í kjölfar þessa flett bílnúmerinu upp og séð að um var að ræða bifreið ákærða. Þá hafi brotapoli einnig séð af leit á alnetinu að ákærði ætti sögu um kynferðisofbeldi gegn 13 ára stúlku, en hún ætti sjálf dóttur sem hefði verið [...] ára á umræddum tíma.
16. Brotapoli kvaðst tvívegis áður hafa veitt því athygli er ákærði hefði stöðvað bifreið sína við aðalakstursbraut [...], nokkru fyrir ofan hús brotápola, og horft á húsið. Í fyrra sinnið hafi bifreiðin verið óhreyfð í allanga stund. Í það sinn hafi bæði eiginmaður brotápola og dóttir séð bifreiðina, en ökumaður hennar hefði verið í peysu með hettu. Sagði brotapoli að gluggar húss hennar væru í sömu hæð og aðalakstursleið [...], en götuhæðin væri lægri við húsið sjálft. Brotapoli kvað ákærða hafa stundað sjálfsfróun í 5–7 mínútur, en hún hefði ekki séð aðra í nágrenninu á meðan á því hefði staðið.
17. Brotapoli lýsti því að henni hefði brugðið við að sjá að ákærði væri kominn inn í botnlangann fyrir framan hús hennar, en börn hennar hefðu verið nýfarin í skólann. Kvað hún ákærða hafa farið yfir velsæmismörk sín og sært blygðunarsemi sína. Brotapoli kvaðst hafa séð andlit ákærða á meðan bifreiðinni var lagt við aðalakstursleið [...], um tíu metrum frá húsinu, og fundist eins og hann væri að horfa inn til sín. Hún hafi hins vegar horft niður í kjöltu ákærða er bifreiðinni hafði verið lagt fyrir framan húsið. Kvaðst hún

hafa veitt því eftirtekt að ákærði hefði verið klæddur köflóttum náttbuxum. Brotapoli kvaðst ekki vita hvort ákærði hefði vitað af henni, en hún hefði séð að þetta var sami maður og sama bifreið og áður.

18. Vitnið B, eiginmaður brotapola, kvaðst hafa verið í golfi umræddan morgun og við það að ljúka níu holu golfhring er hann hafi fengið símtal frá eiginkonu sinni. Hún hafi verið búin að senda honum myndband á Snapchat af umræddu atviki, sem hann hafi séð og vistað til að tryggja sönnun. Vitnið kvaðst hafa sagt konu sinni að hafa samband við lögregluna og flýtt sér heim. Brotapola hafi verið mjög brugðið og óörugg.
19. Vitnið sagði þetta ekki í fyrsta sinn sem ákærði hefði stöðvað bifreið sína fyrir framan hús þeirra hjóna. Hann hefði áður orðið var við að ákærði stöðvaði bifreið sína við aðal-akstursleið [...] og starað á húsið. Vitnið sagðist í það sinn hafa starað á móti í 2–3 mínútur og stemningin hafi verið óþægileg. Hann hafi ætlað út til að ræða við manninn en ákærði hafi verið farinn er vitnið hafi verið komið út. Giskaði vitnið á að í það sinnið hefðu verið um 20–30 metrar að bifreið ákærða frá húsinu. Hann hefði hins vegar fengið greinargóða mynd af honum. Um væri að ræða mann með svart hár og dökkan á hörund.
20. Vitnið sagði algengt að ökumenn legðu bifreiðum sínum við aðal-akstursleið [...], sem liggur sem fyrr segir ofar en húsagatan sjálf, en enginn kæmi inn í húsagötuna sem ekki ætti erindi þangað. Með því að gera það hefði ákærði verið kominn inn á þeirra svæði. Sagði vitnið að þau hjónin hefðu látið nágranna sína vita. Þá hefði vitnið verið á varðbergi eftir þetta. Mundi vitnið ekki eftir að öðrum bíl hefði verið lagt í götunni á þessum tíma, en mikið væri um umferð gangandi vegfarenda á þessum tíma þar sem börn væru á leið til skóla.

### III

#### **Niðurstaða um sekt eða sýknu, heimfærslu brots o.fl.**

*Um sönnun og sönnunarbyrði o.fl.*

21. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 109. gr. sömu laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu. Í því felst að telji dómari

skynsamlegan vafa leika á um að ákærði hafi framið þann verknað sem honum er gefinn að sök í máli leiðir það til sýknu ákærða.

*Um trúverðugleika framburðar ákærða.*

22. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal dómari meta sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því samhengi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans.
23. Ákærði neitar sök. Er hann var fyrst spurður út í umrætt atvik hjá lögreglu vildi hann ekkert kannast við það eða að hafa verið á vettvangi í greint sinn. Þegar honum var hins vegar sýnt myndband af atvikinu, sem sýnir mann stunda sjálfsfróun í bifreið fyrir utan [...] í Kópavogi, kannaðist hann við sjálfan sig á myndinni. Hann neitaði því hins vegar að hafa haft ásetning til þess eða vitneskju um að aðrir hefðu séð til hans. Þá gaf ákærði þá skýringu á athæfi sínu að gestur væri á heimili hans og eiginkonu hans að [...] í Reykjavík og því hefði hann ekki getað stundað sjálfsfróun þar.
24. Fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa stundað sjálfsfróun fyrir framan [...] í Kópavogi umræddan morgun, en hefði hvorki vitað né ætlað að aðrir sæju til hans. Gaf hann þær skýringar að hann og eiginkona hans hefðu verið skilin á umræddum tíma og að hann hefði búið í herbergi fyrir ofan bar í Kópavogi, sem hann gat hvorki lýst né staðsett nánar, í göngufæri við ætlaðan brotavettvang. Þeirri aðstöðu hefði hann deilt með öðrum og því ekki haft næði til að stunda sjálfsfróun þar.
25. Framburður ákærða hefur samkvæmt framansögðu verið reikull, óstöðugur og misvísandi og breyst ítrekað á meðan mál þetta hefur verið til meðferðar hjá lögreglu og fyrir dómi. Ákærði hefur sömuleiðis verið hikandi og margsaga um ýmis atriði, svo sem um það hvar hann hafi búið og hverjar aðstæður hans hafi verið að öðru leyti. Þá var misræmi í svörum hans fyrir dómi varðandi það á hverju hann hefði haldið í hægri hendi sinni, en hann sagðist ýmist ekki hafa haldið á neinu eða að hann hefði haldið á veipi. Það er mat dómsins að framburður ákærða fyrir dómi hafi heilt yfir verið ótrúverðugur.

*Um trúverðugleika framburðar vitna.*

26. Samkvæmt 126. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber dómimum að huga að sönnunargildi vitnisburða við úrlausn máls. Ber dómimum í því samhengi meðal annars að líta til afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmuna vitnis af málsúrslitum, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minnis, ástands og hegðunar þess við skýrslugjöf og

síðast en ekki síst öryggis vitnis og skýrleika í svörum, sem og samræmis í frásögn þess. Á þetta meðal annars við um vitnisburð brotþola í málinu.

27. Í málinu hafa verið leidd fram tvö vitni, brotþoli og eiginmaður hennar. Hafa þau bæði verið sjálfum sér samkvæm og borið með sama hætti hjá lögreglu og fyrir dómi. Framburður þeirra er sömuleiðis studdur ápreifanlegum gögnum, ekki síst myndbandi af umræddu atviki, sem brotþoli tók á síma sinn og sendi á eiginmann sinn sem vistaði myndbandið og afhenti það lögreglu. Framburður vitnanna fær einnig að nokkru leyti stoð í framburði ákærða, sem kannaðist við að hafa stundað sjálfsfróun í bifreið sinni umræddan dag fyrir framan hús vitnanna, eftir að honum var sýnt myndband af því athæfi. Hefur ákærði sömuleiðis kannast við sjálfan sig á myndbandinu, bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi. Það er mat dómsins að framburður vitnanna sé trúverðugur, enda hefur ekkert komið fram fyrir dómi sem rýrt gæti trúverðugleika þeirra.

*Niðurstaða varðandi sekt eða sýknu og um heimfærslu brots.*

28. Ákærða er í ákæru gefið að sök brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt því ákvæði skal hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis sæta fangelsi allt að fjórum árum, en fangelsi allt að sex mánuðum eða sektum ef brot er smávægilegt. Með lostugu athæfi í skilningi ákvæðisins er átt við athöfn af kynferðislegum toga sem gengur skemur en samræði og önnur kynferðismök eða kynferðisleg áreitni. Ekki er skilyrði að viðkomandi hafi fengið eitthvað kynferðislegt út úr athöfninni. Þá er það ekki skilyrði að sýnt hafi verið fram á að blygðunarsemi manna hafi raunverulega verið særð heldur er nægjanlegt að háttsemin hafi verið til þess fallin að særa blygðunarsemi annars manns, sbr. t.a.m. dóm Hæstaréttar frá 29. september 2011 í máli nr. 135/2011 og dóm Landsréttar frá 12. nóvember 2021 í máli nr. 650/2020.
29. Ákærði hefur sem fyrr segir gengist við því fyrir dómi að hafa berað kynfæri sín, handleikið þau og stundað sjálfsfróun í bifreið sinni að morgni þriðjudagsins 12. september 2023 þar sem bifreiðin stóð fyrir framan [...] í Kópavogi. Er sá hluti verknaðarlýsingar ákæru þar af leiðandi sannaður, en játning ákærða hvað hann varðar fær bæði stoð í trúverðugum framburðum framangreindra vitna og í myndbandi sem brotþoli tók af atvikinu.
30. Ákærði hefur sem fyrr segir borið því við að hann hafi talið sig vera í einrúmi er hann viðhafði framangreinda háttsemi. Á það getur dómurinn ekki fallist, enda ljóst af gögnum

málsins að ákærði tók á sig krók til að leggja bifreið sinni fyrir utan tiltekið hús við [...] í Kópavogi svo hann gæti iðkað þar sjálfsfróun. Miðað við trúverðuga framburði vitna virðist það auk þess ekki hafa verið tilviljun að ákærði lagði bifreið sinni fyrir framan umrætt hús, þar sem tvívegis hafði sést til hans áður í námunda við sama hús og svo í þriðja sinnið fyrir þennan sama morgun. Í nágrenni við húsið eru auk þess opin svæði, sem ákærði viðurkenndi fyrir dómi að hafa vitað af og hlýtur að hafa séð á leið sinni að húsinu. Hann valdi eigi að síður að staðsetja bifreið sína fyrir framan og í námunda við íbúðarhús, í lokuðum botnlanga þar sem hann mátti vita að börn og fullorðnir gætu séð til hans. Að því virtu þykir ekki óvarlegt að ætla að ákærða hafi í það minnsta mátt vera það ljóst, en látið sér í léttu rúmi liggja, að til hans gæti sést í umrætt sinn. Ákærði hafi þannig haft ásetning til þess brots sem honum er gefið að sök, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga.

31. Þá verður einnig að fallast á það með ákæruvaldinu að ákærði hafi með athæfi sínu sýnt af sér ósiðlegt og lostugt athæfi í skilningi 209. gr. almennra hegningarlaga, sem hafi verið til þess fallið að særa blygðunarsemi þeirra sem vitni urðu að því, þ.á m. brotþola, sem bar fyrir dómi að sér hefði verið brugðið og að ákærði hefði farið yfir velsæmismörk hennar og sært blygðunarsemi hennar. Þá verður einnig að fallast á það með ákæruvaldinu að athæfi ákærða hafi verið til þess fallið að vera til opinbers hneykslis.
32. Ekki er fallist á það með verjanda að það leysi ákærða undan refsíábyrgð að réttur hans til næðis á umræddum stað og tíma hafi verið verndaður af 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, enda sætir sá réttur takmörkunum vegna hagsmuna annarra, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar, auk þess sem ákærði átti ekki heimili í bifreiðinni samkvæmt framburði hans sjálfs fyrir dómi og hjá lögreglu. Ákvæðið á þar af leiðandi ekki við um athæfi eða aðstæður ákærða á verknaðarstundu.
33. Að öllu framangreindu virtu, þ.m.t. framburði ákærða sjálfs, trúverðugum framburði vitna og öðrum gögnum málsins, verður fallist á það með ákæruvaldinu að það sé hafið yfir allan skynsamlegan vafa að ákærði hafi framið það brot sem honum er gefið að sök í málinu og með þeim hætti sem lýst er í verknaðarlýsingu ákæru. Er þannig komin fram lögfull sönnun fyrir sekt ákærða, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008. Verður ákærði samkvæmt því sakfelldur í málinu í samræmi við verknaðarlýsingu ákæru málsins. Þá er einnig fallist á að brot ákærða sé rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

## Niðurstaða varðandi refsingu ákærða og önnur atriði

34. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 27. ágúst 2024, gekkst ákærði undir greiðslu sektar með tveimur lögreglustjórásáttum 19. október 2023 vegna aksturs undir áhrifum áfengis og án gilda ökuréttinda. Er sú refsing sem ákærði hlýtur nú hegningarauki við refsingu sem ákærða var gert að sæta samkvæmt nefndum lögreglustjórásáttum, þar sem það brot sem ákærði er nú dæmdur fyrir var framið áður en hann undirgengst þær lögreglustjórásáttir. Ákærði þykir ekki eiga sér nokkrar málsbætur.
35. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls, dómvenju og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.
36. Með þeirri háttsemi sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir hefur hann bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart brotþola, A, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ber ákærða samkvæmt því að greiða A miskabætur, sem þykja hæfilega ákveðnar 350.000 krónur með hliðsjón af atvikum öllum. Þá ber ákærða að greiða vexti af þeirri fjárhæð eins og nánar er rakið í dómsorði.
37. Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 235. gr., sbr. 1. mgr. 233. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber ákærða jafnframt að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Mús Sigurðarsonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 2.318.490 krónur með hliðsjón af tímayfirliti lögmannsins og að meðtöldum virðisaukaskatti, og ferðakostnað verjanda sem búsettur er á Akureyri, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur. Ákærði greiði einnig þóknun réttargæslumanns brotþola, Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 652.860 krónur með hliðsjón af tímayfirliti lögmannsins og að meðtöldum virðisaukaskatti. Er þóknun verjanda og réttargæslumanns ákvörðuð í einu lagi vegna vinnu þeirra á rannsóknarstigi málsins og fyrir dómi, sbr. annars vegar 1. og 2. mgr. 38. gr. og hins vegar 1. og 2. mgr. 48. gr. laga nr. 88/2008. Annan sakarkostnað leiddi ekki af málinu svo að séð verði.
38. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir aðstoðarsaksóknari.
39. Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Noah Abisogun Mabifa, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 350.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 12. september 2023 til 18. október 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Mús Sigurðarsonar lögmanns, 2.318.490 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og ferðakostnað verjanda, 200.000 krónur, svo og þóknun réttargæslumanns brotþola, Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns, 652.860 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson